

skilyrðum, er sett verða hverju sinni og taka á sig fulla ábyrgð á framkvæmd verksins samkvæmt reglugerð þessari.

28. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Nesjahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 frá 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. apríl 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

23. apríl 1974.

Nr. 159.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Ögmund Jónsson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. apríl 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Ögmund Jónsson.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Ögmund Jónsson.

2. gr.

Stofndagur sjóðsins telst vera 1. maí 1971.

3. gr.

Stofnendur sjóðsins eru ættingjar, vinir og kunningjar Ögmundar Jónssonar yfirverkstjóra, sem lést þann 30. janúar 1971.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 60.000.00.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur, framlög styrktarféлага, gjafir, áheit, svo og aðrar tekjur vegna fjáröflunarleiða, sem sjóðstjórn ákveður.

5. gr.

Óheimilt er að veita lán úr sjóðnum.

6. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að halda á lofti minningu Ögmundar Jónssonar yfirverkstjóra.
2. Að styrkja konur og karla til fræðslu og þjálfunar í þágu alþýðuhreyfingarinnar á Íslandi.
3. Að sinna öðrum skyldum verkefnum, sem sjóðsstjórn ákveður með samþykki styrktarmannafundar.

7. gr.

Styrktarmenn sjóðsins geta allir þeir orðið, sem greiða árlegt framlag til sjóðsins. Árgjaldið skal ákveðið á fundi styrktarmanna, sem haldinn skal 1. maí ár hvert og telst það aðalfundur. Á þeim fundi gefur stjórn sjóðsins skýrslu um hag hans og starfsemi og leggur fram endurskoðaða reikninga fyrir síðastliðið almanaksár. Þá skal og á þeim fundi kjósa sjóðsstjórn.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn, sem kjörnir eru á stofnfundi, en síðan á aðalfundi, sbr. 7. gr. Skulu stjórnarmenn vera úr hópi styrktarféлага. Stjórnin skiptir með sér verkum innan viku frá aðalfundi: formaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnendur. Hlutverk stjórnarinnar er að annast um varðveislu sjóðsins og úthlutun styrkja og viðurkenninga. Skal stjórn sjóðsins halda gjörðabók um stjórnarfundi og aðra fundi. Auk stjórnar skal fundurinn einnig kjósa 2 endurskoðendur til eins árs í senn. Skulu þeir einnig vera úr hópi styrktarféлага.

9. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í einhverjum af ríkishöfkunum. Þá getur sjóðurinn og með samþykki meirihluta stjórnar ávaxtað fé sitt með kaupum á vísitölutrygðum skuldabréfum Seðlabanka Íslands.

10. gr.

Ársvextir sjóðsins, framlög og tekjur skulu leggjast við hann óskert uns höfuðstóll hans er orðinn kr. 150 000.00 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur — en þá fyrst má verja allt að helmingi af árstekjum sjóðsins til úthlutunar samkvæmt 6. grein. Hinn hlutinn leggst við höfuðstól, sem ekki má skerða. Telji-sjóðsstjórn ekki ástæðu til þess að ráðstafa því fé, sem heimilt er að úthluta samkv. 6. grein, getur hún annað tveggja lagt það fé við höfuðstól eða geymt það til síðari úthlutunar.

11. gr.

Skipulagsskrá Minningarsjóðs um Ögmund Jónsson var lögð fyrir stofnfund styrktarmanna hinn 1. maí 1971 og samþykkt á þeim fundi í þeirri mynd, sem hér er prentað. Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema á aðalfundi með samþykki meirihluta skuldlausra styrktarféлага.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Árna Jónssonar, söngstjóra frá Víðimel í Skagafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. apríl 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Árna Jónssonar, söngstjóra frá Víðimel.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Árna Jónssonar, söngstjóra frá Víðimel í Skagafirði, sem andaðist 10. okt. 1972.

Heimili sjóðsins er að félagsheimilinu Héðinsminni í Akrahreppi.